

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur hinn 9. þ. m., samkvæmt tillögu ráðuneytisins, staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

84. gr. 2. töluliður orðist svo:

„Í læknadeild 12: Í efnafræði, í geðlæknisfræði, í handlæknisfræði, í heilbrigðisfræði, í lífeðlisfræði og lífefnafræði, í líffærafræði, í lyfjafræði, í lyflæknisfræði, í meina- og sýklafræði og 3 í tannlæknisfræði. Prófessorsembætti í tannlæknisfræði í klíniskum greinum skulu eigi veitt öðrum en tannlæknum, sem stundað hafa í 3 ár hið skemmsta sérnám í aðalgrein prófessorsembættisins við háskóla eða aðra viðurkennda stofnun. Prófessorsembætti í tannlækningum skal veita í einni grein, en með kennsluskyldu til bráðabirgða í öðrum greinum, ef þörf er á.“

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. október 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

31. desember.

Nr. 77.

LÖG

um breyting á lögum nr. 48 7. apríl 1956, um náttúruvernd.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar náttúruverndarráð með aðsetri í Reykjavík til fjögurra ára í senn. Er það skipað sjö mönnum, forstöðumönnum þriggja deilda Náttúrugripasafnsins, einum manni með sérþekkingu á búnaðarmálum, samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands, einum manni, sem Skógræktarfélag Íslands nefnir til, og einum verkfræðingi, samkvæmt tillögu Verkfræðingafélags Íslands. Þrjá varamenn skal skipa samkvæmt tilnefningu framangreindra félagasamtaka, og enn er menntamálaráðherra rétt að skipa þrjá náttúrufræðinga varamenn forstöðumanna Náttúrugripasafnsins. Formann og varaformann skipar menntamálaráðherra án tilnefningar.

Nú varðar náttúruverndarmál, sem náttúruverndarráð fjallar um, að einhverju leyti landsvæði eða náttúrumyndanir, sem hafa fornfræðilegt gildi, og skal þjóðminjavörður þá sitja fundi ráðsins eftir kvaðningu formanns þess.

Náttúruverndarráði er heimilt að kveðja sérfræðing á fundi ráðsins til ráðuneytis, svo sem skógræktarstjóra, skipulagsstjóra ríkisins, vegamálastjóra og raforkumálastjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1962.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1962, eru veittar kr. 255 420 542.22 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1. Póstur og sími	kr. 27 195 612.04
af kr. 27 760 612.59 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
2. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins	— 40 678 158.94
en tekjur fóru kr. 51 177 036.47 fram úr fjárlagaáætlun.	
3. Ríkisútlarp	— 1 839 055.43
en tekjur fóru kr. 3 544 363.48 fram úr fjárlagaáætlun.	
4. Viðtækjaverzlun	— 518 448.46
af kr. 1 264 212.22 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
5. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	— 776 802.38
af kr. 1 198 073.29 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
6. Landssmiðjan	— 1 124 037.12
af kr. 1 426 451.66 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
7. Tunnuverksmiðjur	— 3 152 238.12
af kr. 3 152 238.12 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
8. Innkaupastofnun	— 1 420 191.37
af kr. 2 020 807.86 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
9. Bessastaðabú	— 336 991.61
af kr. 118 761.52 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
10. Hvanneyrarbú	— 773 190.37
af kr. 561 779.64 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
11.a. Hólabú	— 1 118 517.18
af kr. 593 100.14 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	